

KIRKJUGARÐARÁÐ

75. fundur haldinn 16. nóvember 2009 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediksdóttir formaður, Þórsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skráði fundargerð. Einnig sat fundinn Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Kynning frá verkfræðistofu VSÓ vegna umhirðuviðmiða og gerð handbóka fyrir hirðingu grænna svæða

Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt og Sigríður Dr. Jónsdóttir umhverfisfræðingur, starfsmenn VSÓ ráðgjafar. Kynntu þær umhirðuleiðbeiningar og umhirðuáætlanir sem verkfræðistofan hefur verið að vinna fyrir ýmsa aðila eins og t.d. Landsvirkjun og Reykjavíkurborg. Buðu þær fram þjónustu VSÓ við að vinna sambærilegar leiðbeiningar fyrir kirkjugarða. Leist ráðinu vel á þetta og var framkvæmastjóra falið að vinna að málinu í samvinnu við þær Fríðu Björgu og Sigríði Dr.

3. Sólheimar í Grímsnesi – beiðni um upptöku nýs kirkjugarðs

Á fundinn kom sr. Birgir Thomsen prestur á Sólheimum. Kynnti hann skipulagshugmyndir að nýjum kirkjugarði á Sólheimum í Grímsnesi og lagði fram erindi þar sem óskað er eftir leyfi til að taka upp nýjan kirkjugarð við Sólheimakirkju. Kirkjugarðaráð gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn. Hins vegar getur það ekki samþykkt upptöku á nýjum kirkjugarði nema að uppfylltum lagalegum skyldum, en í lögum um kirkjugarða er kveðið á um að lögmætur safnaðarfundur ákveði hvenær taka skuli upp nýjan garð. Var framkvæmdastjóra falið að svara erindi Sólheima.

4. Málþing á vegum KGRP og KGSÍ um útfararmál

Þórsteinn Ragnarsson kynnti fyrirhugað málþing sem á að halda á Grandhótelu í Reykjavík 18. nóvember n.k. Á þinginu mun sr. Þorvaldur Víðisson fjalla um þjónustu við syrgjendur, Frímann Andrésson útfararstjóri fjalla um starfsumhverfi útfararstjóra og að lokum mun Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar fjalla um minningarmörk, greftrun duftkera og greiðslu til presta.

5. Minnismerki í Garðakirkjugarði

Lagður var fram tölvupóstur sem framkvæmdastjóra hafði borist þann 2. nóvember s.l. þar sem kvartað var yfir minnismerki sem nýlega hafði verið sett upp í Garðakirkjugarði. Var málinu vísað til framkvæmdastjóra og honum falið að skoða málið.

6. Ósk um endurnýjun á leigu bifreiðar

Lögð var fram greiðsluáætlun ásamt svarbréfi frá Bílanefnd ríkisins þar sem fallist er á ósk Kirkjugarðaráðs um endurnýjun kaupleigu bifreiðar sem hefur undanfarin ár verið notuð vegna starfsemi stofnunarinnar. Samþykkt að óska eftir því við Ríkiskaup að ganga frá frá endurnýjun á kaupleigu bifreiðarinnar.

7. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 18. desember kl. 16.00.

8. Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl.16:10.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari